Kvennablaðið kostar 2 kr. innanlands erlendis kr. 2 60 (90 cent vestanhafs) ⅔ verðsins borgist fyrfram, en ⅓ fyrir 15. júlí.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útgef. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

22. ár. | Reykjavík, 15. júní 1916. | № 5.

†

Skúli Thóroddsen,

alþingismaður.

Fæddur 6. jan. 1859. — Dáinn 21. maí 1916.

Með Skúla Thoroddsen eigum vér konur á bak að sjá vorum fyrsta og tryggasta vini meðal íslenzkra stjórnmálamanna. Og ómetanlegt er það gagn, sem hann hefir unnið málstað vorum, frá því að hann hóf sína stjórnmálastarfsemi og alt til þess að stjórnarskrá Íslands var samþykt á þingi 1914, með árvekni sinni og einlægu fylgi við vorn málstað.

Hér skal ekki lýst pólitiskri starfsemi Skúla Thoroddsens í almennum málum. Hún er þekt um land alt og hefir verið tekin fram annarsstaðar. Að eins viljum vér taka það fram, að hann var að því leyti ólíkur flestum hinna yngri framfara- og frelsispostula vorra, að öll mannréttindamál áttu jafnan talsmann í honum. Hann var mesti gerbreytingamaðurinn í orði og sannleika, því hann vildi að allir hefðu jafnan rétt, konur sem karlar, fátækir og auðugir, æðri og lægri. Í því var hann ætíð sjálfum sér samkvæmur, og gekk aldrei frá þeirri stefnu, hverjir sem fluttu málin.

Þess hefir áður verið getið í Kvennablaðinu hvern þátt Sk. Th. hafi tekið í kvenréttindamálum íslenzkra kvenna. Hann var fyrsti maðurinn, sem á þau mintist í þinginu og í blaði sínu. Hann tók jafnan konurnar með, þegar hann setti fram réttarbótakröfur sínar, bæði innan þings og utan, og var það mikils virði. Að kvenréttindamálin vóru sett fram af einum hinna merkustu þingmanna sem sjálfsagt mannréttindamál, og að þau voru borin fram í sjálfu þinginu, sem nauðsynlegar réttarbætur, þar á meðal krafan um pólitísk réttindi þeirra, það tók af þessu máli þann fjarstæðu og hlægileika blæ, sem það hafði í augum margra manna. Hefði kona sett slíkar kröfur fram á þeim tímum, í blöðum eða á mannfundum, mundi það hafa þótt hin mesta fjarstæða. Öðru máli var að gegna þegar það kom fram í þingsalnum, sem jafn sjálfsögð krafa fyrir karla og konur, borin fram af merkum lögfræðingi og þektum stjórnmálamanni. Slíkt fylgi var mjög mikilsvert.

Reyndar *barðist* Sk. Th. aldrei fyrir neinum kvenréttindamálum. Hann setti þau aldrei á oddinn, gerði ekki ágreiningsnefndarálit þeirra vegna. Hann minti að eins alstaðar á þau. Vakti bæði oss sjálfar og aðra til meðvitundar um að konur *ættu* algerlega að fá sömu réttindi í öllu og karlmenn. Um það ætti engin deila að þurfa að vera. Og það var oss ákaflega mikilsvert og átti sinn sterka þátt í að skapa það almenningsálit meðal flestra karlmanna, að þetta væri réttur vor, sem ekki væri unt að neita oss um — jafnvel þótt þeir óskuðu ekki eftir því að þurfa að veita hann, og því síður eftir að vér notuðum þann rétt, þótt hann fengist.

Jarðarför Skúla Thoroddsens fór fram 3. júní. Talaði Bjarni Jónsson frá Vogi nokkur orð í húskveðju stað. Kvaddi hann síðast í nafni Íslands með stökum þessum:

Vorið bjart er brosti storð,
bjóstu þig til ferða.
Má nú ei þitt máttarorð
mér að liði verða.

Bergmál hugum ungum í
eldinn mun þó glæða,
svo að kynslóð síðar ný
sárin megi græða.

Þegar sólin lýsir lönd
lifnar vorsins kliður,
stirðnuð er þín hrausta hönd,
hjörinn fallinn niður.

Sjónin hvassa sofnuð er,
sú er glegst mér þótti.
Grípur hvast um huga mér
harmur sár og ótti.

Horfi eg yfir hópinn minn
hræðslu og vonar milli,
hver skal sitja sessinn þinn
sá er skarðið fylli?

Vonaprúður, viljaskir
vanstu að frelsi mínu,
þakkar ylur er því hlýr
yfir kumli þínu.

Þá hafði Hið íslenzka kvenfélag og Kvenréttindafélag Íslands sent silfurkrans og þessi kveðjustef, ort af frk. Maríu Jóhannsdóttur:

Bróðurorðið, bróðurhöndin
blessist ár og síð.
Hver, sem líknar, leysir böndin
lifi alla tíð.
Hver, sem eykur giftu og gengi,
greiðir öðrum spor.
Um hans starf og orð sé lengi
ylur, sól og vor.

Meðan fáir varnir vildu
veita oss og styrk,
og fæstir vorra frænda skildu
að fangans æfi er myrk.
Meðan alt vort afl í helsi
undir kjöl var sett,
vildir þú oss veita frelsi,
vald og fullan rétt.

Sé því kær og lýsi lengi
lýðum minning þín,
meðan skær á Íslands engi
árdagssólin skín.
Hver sem líknar, leysir böndin
lifi alla tíð.
Bróðurorðið, bróðurhöndin
blessist ár og síð.

Á silfurplötu innan í kransinum var þetta letrað:

»Alþingismaður Skúli Thoroddsen. F. 6. jan. 1895, d. 21. maí 1916.

Frá Hinu ísl. Kvenfélagi og Kvenréttindafélagi Íslands, með þakklátri viðurkenningu fyrir vel unnið starf að réttarbótum íslenzkra kvenna«.

Samvinna karla og kvenna

á heimilunum.

Samhliða því að víða er kvartað um fólksfæð í sveitunum, þá aukast störf þau, er þar þarf að vinna hröðum fetum og er það hin eðlilega afleiðing seinni ára framfara landbúnaðarins. En aukin störf og fækkandi fólk til að vinna þau, virðist í fljótum bragði vera ósamrýmanlegt, en með réttri notkun starfskrafta þeirra er fyrir hendi eru á heimilunum, eðlilegri samvinnu karla og kvenna þar, má mikið úr þessu ráða.

Hingað til hefir starfsvið kvenna á heimilunum víðast hvar verið umfangsmeira og að mörgu leyti vandasamara og erfiðara en karla, og hefir jafnréttið milli karla og kvenna þar of lítið komið til greina.

Þjónustustörfin.

Eitt af því er talið hefir verið skylduverk kvenna á heimilunum eru hin svo kölluðu þjónustubrögð; er aðallega eru í því fólgin að hirða fatnað og skóplögg karlmanna, ræsta herbergi þeirra o. fl. Undir ýmsum kringumstæðum kann fátt við þetta að vera að athuga, en alment er þetta mjög öfgakent, konur beittar hér of miklu óréttlæti, og þar að auki miklum vinnutíma á glæ kastað, því ekki hendir það ósjaldan að karlmenn sitja auðum höndum á meðan konur inna af hendi þessar margbreyttu þjónustuskyldur. Þetta þarf að breytast, og er það eitt af því, er þarf að kenna börnunum,

sem allra fyrst »að hirða sig sjálf«, drengjum jafnt sem telpum. Erfiðara verður að beita þessu hjá fullorðnu karlmönnunum, er aldir eru upp í þessu þjónustudekri kvenna, þó ættu húsmæður að geta mikið gert til þess að breyta þessu í hagkvæmara horf.

Eldhússtörfin.

Oft hendir það á heimilum, að konum er færri á að skipa en körlum. Væri því mikils um vert að þeir gætu gripið inn í verkahring kvenna þar þegar á lægi. Ýmisleg eldhússtörf er því eitt af því er almennara ætti að láta drengi venjast við og læra.

Þrifnaðurinn.

Enginn mun geta neitað því, að þrifnaði hér á landi hefir fleygt stórum áfram síðustu áratugi, jafnvel þótt við megum játa, að enn þá sé honum á mörgum sviðum sorglega ábótavant. Að undanteknum þeim mönnum, er með heilbrigðismál hafa haft að gjöra og því látið sig þetta mál nokkru skifta, hefir það aðallega verið kvenþjóðin, er hefir aðallega átt í baráttunni við þenna þjóðar ósóma »óþrifnaðinn«. Sumstaðar er nú þetta dálítið farið að breytast, en alment eru karlmenn ekki farnir að taka þátt í húsþrifum svo um muni og verður sjálfsagt ekki fyrri, en farið er að venja drengi við það jafnhliða telpum, þegar í byrjun. Í sambandi við alla þessa skiftingu á störfum karla og kvenna á heimilunum, þá kemur mér til hugar aktaskriftin, er dr. Guðmundur Finnbogason talar um í bók sinni »Vit og strit«. Sjálfsagt hefir þessi aktaskrift sjaldan verið skrifuð með stórfeldara letri en innan takmarka þessara skiftu verkaflokka á heimilunum, þótt auðvitað séu þar heiðarlegar undantekningar. Í sömu bók er töluvert minst á orkunýting. Ég er viss um að fólk alment hefir ekki gert sér grein fyrir hvílík feikna orka það er, sem ekki er notuð, bara fyrir þessa þverlyndislegu flokkaskifting heimilisstarfanna.

Einhverjum kann nú að koma til hugar, að fari karlar og konur á heimilunum að grípa hvert inn í annars verkahring, þá verði það til þess að alt lendi þar í óreiðu. En þetta þarf alls ekki að verða þannig; þegar nánar er aðgætt er nákvæm samvinna karla og kvenna á heimilunum ekki annað en eitt brot af því að uppfylla boðorðið, er við ættum öll að kannast svo vel við: »Berið hvert annars byrði«.

Þó að ég hér að framan hafi aðallega minst á þátttöku karlmanna í ýmsu er að innanhússtörfum lýtur, þá hefi eg áður í blaði þessu bent á ýmsar skyldur af hálfu okkar kvenna, er mér finst að við eigum að inna af hendi í þarfir heimilanna utan húss sem innan. Því fleira fólk úr sveitunum er sjávarútvegur og aðrar atvinnugreinar draga til sín, því meiri þörf er á því, að við, sem eftir erum, konur og karlar, stundum með sameinuðum kröftum í baráttunni fyrir heill og hamingju íslenzka sveitalífsins og gleymum því ekki, að þar sem er *vilji*, þar eru með guðs hjálp líka vegir.

Jóna Kristjánsdóttir
á Melgraseyri.

---

†

Gina Krog.

Fædd 20. júní 1847. Dáin 14. apríl 1916.

Eg ætlaði varla að geta trúað mínum eigin augum, þegar eg loksins fekk póstinn úr Bornu, sem Englendingar héldu lengst, og fletti upp sænsku kvennablöðunum, sem fluttu ofanskráða yfirskrift yfir langri minningargrein um þessa stórmerku norsku konu. Það var eins og mér findist ómögulegt að hún væri ekki enn þá í tölu hinna lifandi, hérna megin dauðahafsins. Hún, sem var svo hraustleg, svo full af lífskrafti, sigurvissu, von og starfsgleði.

Fröken Gina Krog hefir verið einhver hin allra merkasta kona í Noregi síðasta mannsaldurinn. Um það eru heldur ekki lengur skiftar skoðanir, nú, þegar hún er komin undir græna torfu.

Hún var jörðuð í Kristjaníu á ríkisins kostnað 19. apríl s.l. með mikilli viðhöfn og fjölmennri líkfylgd. Út úr kirkjunni báru hana ýmsir af merkustu prófessorunum, og forsætisráðherrann Gunnar Knudsen og stiftamtmaður Blehr gengu á undan kistunni sem „marskálkar".

Gina Krog hefir verið aðalbrautryðjandi norskra kvenna í kvenréttindamálunum. Vitaskuld telja norskar konur Camillu Collett sína fyrstu kvenréttindaforgöngukonu. En það var að eins með ritum sínum, t. d. „Amtmandens Döttre" o. fl., sem hún benti á hvar skórinn krepti að og hverju þyrfti að breyta. Sjálf hvorki hóf hún neina baráttu né gerði neitt til að koma öðrum til þess í verki, enda lifði hún mest af æfi sinni erlendis. Asta Hansteen hafði líka síðar hafið máls á þessu efni og lent í ritdeilum út úr því. En svo lítinn skilning og samhygð höfðu norskar konur á þeim tímum í þessum málum, að hún fekk enga liðveizlu frá þeim og varð fyrir svo miklum óvinsældum, að hún varð að hröklast af landi burt til Ameríku.

Þá kom Gina Krog til sögunnar. Það var vorið 1884 að í „Nyt Tidskrift", sem gefið var út af prófessorunum J. E. Sars og Olaf Skavlen, komu nokkrar greinar um „fyrstu verkefni kvenréttindamálsins", undirskrifaðar með G. K.

Þessar greinar urðu til þess að farið var að ræða þetta mál, og að þeir karlmenn, sem því voru hlyntir, sneru sér til frk. Krog sem þeirrar einu konu, sem unt væri að fá í samvinnu um það. Núverandi borgarstjóri í Kristjaníu, H. E. Berner, sem þá var bankastjóri, hafði áður viljað koma á fót kvenréttindafélagi fyrir þá karla og konur, sem áhuga hefðu fyrir þessum málum, en enga konu fengið til að gangast fyrir því. Nú sneri hann sér til Ginu Krog. Úr þessu varð það að 28. júní 1884 var „Norsk Kvindesaksforening" stofnuð með Berner sem formann og Ginu Krog sem einn af meðstjórnendunum.

Einn af stofnendum félagsins var kand. jur. Francis Hagerup, núverandi ráðherra í Stokkhólmi, en þá formaður Stúdentafélagsins norska í Kristjaníu. Hann efndi til umræðufundar í Stúdentafélaginu um kvenréttindamálið og bauð Ginu Krog þangað. Fyrstu kvenstúdentarnir voru einnig í félaginu. Á þessum fundi talaði Gina Krog í fyrsta sinni opinberlega. Hún sagði löngu síðar, þegar minst var á það, „að það hefði verið voðalegt". — Þegar formaður hafði reifað málið, þá stóðu gömlu prófessorarnir upp, þeir Laemann og Monrad — sem áður höfðu gert nær því út af við Ástu Hansteen — og töluðu mjög á móti. — Þessu varð að svara. Hún sagði, að fyrst hefði tungan loðað við góminn á sér, en svo losnaði hún", — og hún hélt eina af sínum viðurkendu snjöllu ræðum. — Þessi umræðufundur varð að umtalsefni í öllu landinu, og menn skiftust á með og móti málinu, og með og móti Ginu Krog. Að henni var ekki hlíft má geta nærri, enda sögðu ýmsir af gömlum vinum hennar úr karlmannaflokknum það 1912 á 25 ára afmæli blaðs hennar og ritstjórnar, að henni hefði þá ekki verið hlíft og sízt af konunum sjálfum.

En þetta umtal og mótstaða varð málinu til góðs. Nú gengu menn, og einkum konur, í félagið í hópum. Og næsta vor, 1885, hættu konur svo á að stofna „Kvindestemmeretsforeningen" með þessu einasta máli á stofnskránni og eingöngu fyrir konur. Formaður þess varð Gina Krog frá 1885—1887. Á þeim árum kom félagið oft frumvörpum inn í Stórþingið um bæði pólitískan kosningarrétt kvenna og kosningarrétt í bæja- og sveitamálum. Sjálf ferðaðist hún um þvert og endilangt landið til að halda fyrirlestra um málið, stofna félög og agitera fyrir því á allan hátt. Hennar aðalkrafa var: að fá bæði „pólitískan" og „kommúnalan" kosningarrétt fyrir norskar konur, með *sömu* skilyrðum og fyrir norska karlmenn. Frá þeirri kröfu vék hún aldrei. Síðar vildi meiri hluti af „Norsk Kvindesaksforeng" taka upp aðra aðferð, slá af, heimta að eins kosningarrétt handa sjálfstæðum konum. Því neitaði Gina Krog að fylgja. — Þá var það, sem hún skildi við þetta félag og stofnaði *Landskvindestemmeretsforeningen*. Hvort það hafi verið létt fyrir hana að yfirgefa sína gömlu vini og félaga, eða að þær hafi tekið því vel, geta þeir vel skilið, sem eitthvað hafa fengist við slík mál. Hún hugsaði sig vel um það. En áleit það eitt rétt að halda fast við kröfuna um fult jafnrétti í þessu máli. Kosningaréttarkrafan ætti að ganga á undan öllum öðrum kröfum, af því að sá réttur væri réttur að öllum öðrum réttindum. Af þeirri kröfu mætti ekki slá. Og hún stóð föst og stofnaði félagið. En fekk aðra konu, frú F. M. Quam til að verða formann í því.

Árið eftir að „Norsk Kvindesaksforening" var stofnuð, var sett nefnd til að undirbúa blaðútgáfu, sem félagið hafði ætlað G. Krog að vera ritstjóra fyrir. 1887 kom fyrsta tölublað þess út og hafði það fengið nafnið „Nylænde". Þetta blað átti að vera pólitískt málgagn norskra kvenna og ræða öll þeirra áhugamál. Auk þess flutti það oft ritdóma, kvæði, fréttir um kvennamál erlendis o. fl. En brátt kom í ljós að það bar sig ekki, svo félagið ákvað 1893 að leggja það niður. Þá tók Gina Krog að sér alla útgáfu þess og ritstjórn og hefir síðan haft hana til dauðadags.

Það má óhætt segja, að einmitt það, að norskar konur hafa þannig átt sitt eigið málgagn, með ákveðnum, djörfum, einbeittum ritstjóra, sem aldrei hefir látið villast af annara veiklun, en haldið fast og eindregið að takmarkinu — það hafi átt

sterkasta þáttinn í því að þær hafa nú fengið fullan kosningarrétt og kjörgengi, bæði til Stórþingsins og í sveita-, kirkju- og héraðamálum, og rétt til allra embætta, nema geistlegu embættanna.

Síðasta steininum, sem frk. G. Krog barðist við að velta úr götu norskra kvenna, ákvæðinu að konur mættu ekki sitja í ríkisráðinu, fekk hún þá gleði, að sjá velt burtu skömmu fyrir dauða sinn. Þá voru lögin samþykt, sem leyfa konum jafnt sem körlum að sitja þar.

Eins og gefur að skilja, hefir Gína Krog ekki ætíð átt almennum vinsældum að fagna. Hún hefir fengið sinn skerf af óvinsældunum og skopi því, sem á brautryðjendurna legst. Og til þess að sjá það og finna, þurftu menn ekki að dvelja langdvölum í Noregi. En hún hefir líka nú á síðustu árum fengið viðurkenningu. Árið 1912, á 25 ára afmæli blaðs hennar, og ritstjórnarafmæli hennar, var henni haldin mjög vegleg fagnaðarhátíð, sem mörg kvenfélög stóðu fyrir; þá var og efnt til samskota um alt land meðal kvenna, sem henni voru, við sama tækifæri færð að gjöf, bæði sem viðurkenningar- og þakklætisgjöf fyrir störf hennar, og til þess að styrkja hana til að halda þeim átram framvegis.

Gina Krog var stórgáfuð og fjölmentuð kona. Hún ritaði mjög skarplega, og var talin mjög mælsk. Hún var stór og sköruleg og hin glæsilegasta á velli. — Hún var formaður og stofnandi „Norske Kvinders Nationalraad's". Hún fór sem fulltrúi landsstjórnarinnar á Alþjóðakvenréttinda-heimsþingið, sem haldið var í Amsterdam 1908. — „Hver skyldi hafa spáð þessu fyrir 24 árum", sagði hún þá; en glöð var hún yfir þeirri viðurkenningu. — —

Gina Krog var norsk í hverja taug og talaði aldrei svo, að það findist ekki hversu henni lá á hjarta heiður og framför norsku þjóðarinnar, og sér í lagi norskra kvenna. Hún hafði áður kennarastöðu, en lét af henni, með því hún gat ekki samrýmst félagsstörfum hennar. Hún mætti jafnan á alþjóða-kvennaþingum sem fulltrúi norskra kvenna, stundum með styrk af ríkissjóði, sem þingið veitti félaginu handa 1—2 fulltrúum. Og jafnan kvað mikið að henni, og sér í lagi gerði hún sér far um að kynna land sitt og löggjöf þess út á við. Á alþjóða-kvenréttindaþinginu í London 1909 var útbýtt bækling á ensku og frönsku eftir hana um skilnað Noregs og Svíþjóðar og deiluefni þau sem þar höfðu borið á milli. Reis nokkur óánægja út af því meðal sænskra kvenna og mótmæltu þær því að slíkt rit væri lagt þar fram, með því þingið og Alþjóðafélagið væri algerlega hlutlaust í slíkum efnum og tækju sambandsfélög úr báðum löndunum.

Hún var næmur listagagnrýnir og skáld. Ritaði hún iðulega ritdóma um bækur, sjónleiki etc. En aðallega voru það stjórnmálin, bæði kvennamál og önnur almenn mál, sem hún tók sterkastan þáttinn í. Enda viðurkendu stjórnmálamennirnir „að við hana gætu menn rökrætt málin án þess að villast frá aðalefninu".

— Hún var mjög frjálslynd og mun helzt hafa hallast að jafnaðarmannastefnunni. Hún vildi upphefja öll bönd, sem hefta frelsi einstaklinganna, hvort heldur það kæmi niður á sérstökum stéttum mannfélagsins eða öðru kyninu. Allir skyldu hafa jafnan aðgang fyrir lögunum að nægtaborði lífsins og tilverunnar. Þar kæmu að eins hæfileikar og aðrar kringumstæður til að ráða.

Og hún var ekki síður á verði nú, þótt norskar konur hefðu í orði kveðnu fengið fjölmörg borgaraleg réttindi til jafns við karlmenn. Fyrst varð að vaka yfir því að hvergi væri gerður lagalegur munur á körlum og konum. Og svo varð að sjá um, að lögin kæmust í framkvæmd, yrðu meira en pappírslög ein. Hún var heldur aldrei sein að finna það og hreyfa því í blaði sínu þegar einhverjar stöður opnuðust, sem heppilegt væri að konur kæmust að. Hún hvatti þær að sækja, sýndi fram á nauðsyn þess að konur væru í slíkum embættum, t. d. yfireftirlitsmaður verksmiðjanna, þar sem konur og börn vinna, í fátækrastjóraembættum, lögreglumannaembættum o.fl., og að fá konur inn í ýmsar opinberar nefndir. Enginn efi er á, að henni og blaði hennar er það mest að þakka, að konur hafa komist að slíkum stöðum í Noregi fyr en annarsstaðar. Sjálf var hún í ýmsum nefndum, t. d. var hún útnefnd til að vera í hinni „litterære Bedömmelseskommitte", sem dæmir um verðleika rithöfunda til opinberra styrkja.

Ef til vill var aldrei meiri nauðsyn á þessari festu en einmitt *eftir* að norskar konur fengu sinn takmarkaða kosningarrétt til bæja- og sveitastjórna 1901, og til Stórþingsins 1907. Þá fanst mörgum að nú mættu konur leggja hendurnar í skautið. Nú hefðu þær fengið nóg réttindi. Takmarkinu náð með pólitíska kosningarréttinum. En Gina Krog minti á, að takmarkið *var jafnrétti* fyrir konur og karla, *sömu réttindi með sömu skilyrðum*. Meðan nokkrir stæðu fyrir utan, hversu fáir sem það væru, þá væri ranglætið gagnvart þeim jafnmikið. Það væri líka oftast þeir, sem sízt mættu missa af réttindunum, af því þeir væru ver settir en hinir og varnarlausir í lífinu. Og þegar hinn síðasti hefir fengið að lögum sín fullu réttindi, þá er að sjá um að hann noti þau. Konur verða að leggja krafta sína fram í þjónustu þjóðfélagsins. — Og til þess þurfa þær undirbúning. „Bezta uppeldið er ekki ofgott handa mæðrum þjóðarinnar". Og til þess að koma þessu í verk, þarf mikla og langa starfsemi.

———

Norskar konur eru svo hepnar að eiga fjölmargum ágætiskonum á að skipa. En vel verða þær að litast um áður en þær finna jafningja Gínu Krog til að taka upp merkið, sem hún hefir borið, og halda því jafnhátt á lofti og hún hefir gert. Láta hendurnar aldrei síga niður, fram að síðustu stundu.

Það má kynlegt kallast, að íslensku blöðin, sem geta um dauða ýmsra útlendra manna, sem lítið virðast geta verið þektir hér á landi, skuli ekki minnast einu orði á þessa merkiskonu. Þeir mundu þó geta um lát stærstu stjórnmálaforingja nágrannaþjóðanna. Er það af því að Gina Krog var kona, að þeim þykir ekki vert að geta hennar? Eða eru ritstjórarnir ekki betur að sér í stórmálum þeim, sem efst eru á baugi hjá sjálfum nágrannaþjóðunum en það, að þeir ekki einu sinni þekki helztu brautryðjendur þeirra? — —

Kosningarnar 5. ágúst.

Þá er nú loksins kómið svo langt, að ekki er meira en $1^1/_2$ mánuður þangað til við konurnar eigum í fyrsta sinni að ganga með karlmönnunum að kosningaborðinu, til að velja fulltrúa vora, sem ráða eiga velferðarmálum okkar íslenzku kvennanna jafnt og karlmannanna á næstu 6 árum.

Allir framboðslistarnir hafa verið afhentir yfirkjörstjórn landsins. Og á öllum þeirra hefir að líkindum verið fleira eða færra af konum sem meðmælendum.

Þetta sýnir, að konur vilja nota sér þessi nýunnu réttindi. Að þær ætla sér að nota sér kosningarrétt sinn við hinar fyrstu kosningar, sem þær hafa rétt til að taka þátt í. Og að þær fylgjast svo með í almennum málum að þær mæla með þeim listum, sem bera nöfn þeirra fulltrúaefna er þær treysta.

Auðvitað ætti heldur enginn efi að leika á því, að hver einasta kona, sem kosningarrétt hefir öðlast, ætti að vilja nota hann við þessar fyrstu kosningar. Það væri of mikið vansæmd fyrir oss og rænuleysisvottur, og þegar atkvæðatalan verður lögð samau í sumar og haust kæmi í ljós, að örfáar konur hefðu notað þessi dýrmætustu borgaralegu réttindi, sem þær nú hafa loksins öðlast.

Vitaskuld eru það að eins eldri konurnar, sem nú eiga þessum réttindum að fagna. Allar þær konur, sem eru 40 ára, og ekki hafa þegið af sveit. En til þessara kosninga er ekki áskilið að kjósendur greiði nein gjöld eða skatta. Þó karlar eða konur hafi ekkert útsvar þá hafa þau kosningarrétt til alþingis aðeins með því skilyrði, að þeir ekki hafi fengið sveitarstyrk (á fullorðinsaldri).

En það eru líka eldri konurnar sem oftast hafa mestan áhugann og lífsreynsluna. Og þær mega ekki við því að bíða. »Ungur má en gamall skal«. Ef þær eiga að njóta þeirrar gleði að mega koma fram sem fullveðja þjóðfélagsborgarar, þá verða þær að nota tímann meðan hann gefst. Enginn efi er líka á því, að margri aldraðri konu er það gleði, að mega einu sinni njóta atkvæðis síns til að velja fulltrúa þjóðarinnar, þótt ekki yrði það oftar, áður en hún félli frá. Yngri konurnar, sem ekki hafa enn þá náð þessum rétti, ættu því þennan dag að létta undir með vinnuskiftinguna, svo ekki stæði það í vegi. Seinna kemur svo röðin að þeim.

Og allar verða konur að kynna sér vandlega kosningaaðferðina. Við þessar kosningar er enginn kross settur við mannsnafnið. Framan við listabókstafinn skal setja kross, sama hvort er réttur kross eða skákross. Ef menn vilja kjósa alla í sömu röð og þeir eru á listanum, þá þarf ekki annað en setja krossinn við listabókstafinn. En vilji menn breyta röðinni, þá setja menn 1 í töiu framan við það nafn sem menn vilja helzt kjósa. Ef menn ekki vilja hafa einhverja, sem eru á listanum, þá mega þeir stryka þá út. Engin önnur merki, stryk eða stafi má setja á listann. Og ekki má kjósa eða gera merki nema við einn einasta af öllum listunum, sem á blaðinu eru.

Kosningaraðferðin mun verða sýnd í stærri blöðunum, og ættu allar konur að setja hana vandlega á sig. Konur! Látið ekki hjá líða að sækja kjörfundina í sumar og neytið atkvæðisréttar yðar!

VERSLUNIN
EDINBORG

Nýjar vörur með Islandi og Gullfossi.

Í Vefnaðarvörudeildina:

Dragtatau, Kjólatau, Gardínutau, Tvisttau,
Silkiflauel, Ullarflauel, Skinnhanskar, Borðdúkatau,
Handklæðadregill, Bróderingar, Kvensokkar,
Karla- og kven-vasakl., Karlm. nærskyrtur,
Karlm. buxur, Drengja peysur, Sundföt.

Ilmvötn.

Silki svört og mislit,
Lasting margar tegundir,
Rúmábreiður stórar og smáar,
Húfur, karlmanns og drengja,
Stubbasirs stórt úrval.

Í Glervörudeildina:

Emall.
Þvottaskálar, Næturgögn
Katlar, Matarskálar,
Mjólkurskálar, Diskar,
Ausur, Krúsir,
Sápuskálar,

Leirtau:
Bollapör, Diskar,
Tarínur, Könnur,
Sósuskálar, Smjörskálar
Tepottar, Kaffikönnur,
Eggjabollar, Steikarföt.

— **Postulíns bollapör** —
margar teg.

Borðhuifar, Tauvindur,
Bollabakkar, Mottur,
Speglar, Ofnburstar,
Skrúbbur, Brassó,
Floor Polish, Eldspýtur,
Peningakassar,
Vatnsfötur,
Te, Cocoa.

Versl. EDINBORG,
Hafnarstræti 14.